

Áhersluatriði v/mögulegrar stækkunar á Vestursvæði Vatnajökulspjóðgarðs**• Forsendur**

- Mörk hins nýja svæðis liggja að norðan þar sem sýslumörk frá Vatnajökli að Mýrdalsjökli ráða, þó þannig að fylgt er útlínunum mannvirkjagrunns Tungnaárlóns eins og áætlun er um. Að sunnan ræður þjóðlendulína frá Síðujökli að hverfisverndarlínu sunnan Brytalækja við Hólmsá, en eftir það ræður hverfisverndarlína (markalína miðhálandis) að Mýrdalsjökli.
- Verndarflokkun þessa nýja svæðis segir til um hvaða möguleikar verða til nýtingar lands og uppbyggingar þjónustusvæða í framtíðinni Gengið er út frá að mestur ef ekki allur hluti viðbótarsvæðisins, sem kæmi inn við stækkun, lendi í verndarflokki VI frá IUCN. Væntanlega mun mestur hluti núverandi lands á Vestursvæðinu falla í þann verndarflokk m.v. fyrirliggjandi tillögu að Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs, en beðið er endanlegrar útgáfu hennar og áætlað er að hún verði tilbúin fyrir lok júní n.k. Verndarflokkur VI tekur m.a. til svæða með upprunaleg vistkerfi þar sem saman fer náttúruvernd og hefðbundin nýting náttúru, enda sé hún sjálfbær.
- Allar endanlegar ákvarðanir um fjármagn til verkefna eru að venju háðar framlögum á fjárlögum hverju sinni.

• Helstu áhersluatriði:Árin 2008 og 2009:

- Starfsmannahald
 - Ráðinn var þjóðgarðsvörður Vestursvæðis, en auk hans hefur einnig starfað sérfræðingur í heilsársstarfi á svæðinu.
 - Endurnýjaður var leigusamningur um skrifstofuaðstöðu þjóðgarðsins á Kirkjubæjarklaustri, og bætt var við leigðu húsnæði.
- Landvarsla
 - Alls störfuðu þrjú landverðir á svæðinu; í Laka, Lambaskarðshólum/Hrauneyjum og Nýjadal.
 - Leigusamningur var gerður um aðstöðu landvarðar í Hólaskjóli.
- Annað
 - Samstarf hefur verið við Skaftárhrepp um eftirlit og rekstur snyrtihúss í Eldgjá svo og snytinga við Fagrafoss og í Hrossatungum.
 - Samstarf hefur verið um lagfæringar á salernisaðstöðu í Blágiljum.

Árið 2010:

○ Landvarsla

- Bætt verður við einum landverði, þannig að á svæðinu munu starfa fjórir landverðir; í Laka, Lambaskarðshólum, Hrauneyjum og Nýjadal.
- Áframhaldandi leigusamningur um húsnæði landvarðar í Hólaskjól.

○ Framkvæmdir og viðhald; helstu verkefni

- Snyrtihús í Eldgjá lagfært og vatnsöflun bætt.
- Lokið verði lagfæringum á snyrtiaðstöðu í Blágiljum.
- Áframhaldandi samstarf um eftirlit og rekstur snyrtinga við Fagrafoss og í Hrossatungum.
- Ákvörðunartaka um staðsetningu snyrtingar, bílastæðis og upplýsingaskiltis við Langasjó að vestanverðu, norðan við Sveinstind.

○ Göngstígar og útsýnisstaðir

- Undirbúnað framkvæmdir við pall og göngustíg á útsýnisstað við Ófærufoss í Eldgjá.

○ Aðrar framkvæmdir

- Nýtt landvarðahús í Blágiljum tekið í notkun.
- Núverandi landvarðarhús í Blágiljum flutt á Lakasvæðið.

○ Merkingar og skilti

- Undirbúnað merkingar við helstu umferðarleiðir inn í Þjóðgarðinn, sem bætast við verði af stækkun; Hólaskjól, Halldórsfell, vegamót að Langasjó, NV mörk á Fjallabaksleið syðri.
- Í samráði og samvinnu við Skaftárhrepp verður hafin vinna við að merkja göngu- og reiðleiðir svo og mögulegar reiðhjólaleiðir á afréttum Skaftártungu- og Síðumanna.

○ Bæklingar-kort

- Hafin verði vinna við kortlagningu beitarsvæða sauðfjár og gönguleiða á því svæði sem fyrirhuguð stækkun nær til í þeim tilgangi að geta stýrt umferðarleiðum ferðamanna frá helstu beitarsvæðum og að uppbygging þjónustu taki mið af því.
- Hafinn verði undirbúningur að nýjum bæklingi fyrir stækkað Vestursvæði.

○ Annað

- Gerð verði tímaáætlun um byggingu og rekstur væntanlegrar gestastofu á Kirkjubæjarklaustri.
- Gerður verði samstarfssamningur til skemmri tíma um rekstur upplýsingastofu á Kirkjubæjarklaustri.
- Sjálfboðaliðar komi frekar að uppbyggingu og viðhaldi á Vestursvæði.

- Unnið verði að því að finna húsnæði á svæðinu fyrir tímabundin afnot sjálfboðaliða.
- Unnið verði deilskipulag vegna hreinlætisaðstöðu við Langasjó og aðstöðu við Halldórsfell.

Árin 2011-2012

- **Landvarsla**
 - Verði af stækkun þarf styrkingu landvörslu og kæmi þá fyrst viðbótarlandvörður í Hólaskjóli með áherslu á svæðið við Eldgjá.
- **Framkvæmdir og viðhald; helstu verkefni**
 - Áframhaldandi samstarf um eftirlit og rekstur snyrtinga við Fagrafoss og í Hrossatungum.
 - Hafist verður handa við byggingu hreinlætisaðstöðu við Langasjó að vestanverðu, norðan við Sveinstind.
 - Hafin verður uppbygging bílastæðis við Langasjó svo og komið þar upp upplýsingaskilti.
 - Byggð upp salernis- og áningaraðstaða/áningarborð við Halldórsfell.
- **Göngustígar og útsýnisstaðir**
 - Byggður pallur og göngustígur á útsýnisstað við Ófærufoss í Eldgjá.
 - Undirbúin göngu- og vélsleðabru á Nyrðri Ófæru að höfðu samráði við heimamenn (endanleg ákvörðunartaka bíður Stjórnunar- og verndaráætlunar)
 - Undirbúin göngubru/kláfur á Skaftá móts við Skælinga að höfðu samráði við heimamenn (endanleg ákvörðunartaka bíður Stjórnunar- og verndaráætlunar)
- **Merkingar og skilti.**
 - Komið verði upp merkingum við helstu umferðarleiðir inn í þjóðgarðinn; Hólaskjól, Halldórsfell, vegamót að Langasjó, NV mörk á Fjallabaksleið syðri.
 - Í samráði og samvinnu við Skaftárhrepp verði lokið við merkingu göngu- og reiðleiða svo og mögulegar reiðhjólaleiðir á afrétti Skaftártungu.
- **Bæklingar-kort**
 - Útgefið sérkort og upplýsingabæklingur fyrir Vestursvæði þjóðgarðsins (þ.m.t. göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir)
- **Annað**
 - Þar til ný gestastofa þjóðgarðsins á Kirkjubæjarklaustri rís, verður gerður áframhaldandi samstarfssamningur um rekstur upplýsingastofu á Kirkjubæjarklaustri.